STYKKISHÓLMUR - AÐALSKIPULAG 2002-2022







STYKKISHÓLMUR - AÐALSKIPULAG

2002 - 2022

1. INNGANGUR

1.1 AÐALSKIPULAG STYKKISHÓLMS

Aðalskipulag það er hér birtist nær yfir allt land Stykkishólms. Hinsvegar nær aðalskipulagið frá 1985-2005 einungis yfir þéttbýlið.

Skipulagið er unnið samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

1.2 SKILGREININGAR

Í grein 1.3 Skilgreiningar í skipulagsreglugerð eru eftirfarandi skilgreiningar:

"Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda."

"Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum og ákvörðunum viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. ……. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti."

"Byggðamynstur: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. ……..þéttleiki byggðar og tegund landnotkunar."

"Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a. m. k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra."

"Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða."

(Skipulagsreglugerð, 1998).

1.3 ALMENN MARKMIÐ

Með skipulaginu er leitast við að stuðla að eflingu atvinnulífs, mannlífs og byggðar í sveitarfélaginu.

Tekið er mið af núverandi atvinnulífi og leitast við að skapa því skilyrði til vaxtar og viðgangs ásamt nýsköpun í atvinnumálum. Einnig er tekið mið af núverandi byggðamynstri og aðlögun að því unnin með tilliti til heildarhagsmuna byggðarinnar.

Stefnt er að því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og að í Stykkishólmi verði öflugur þjónustukjarni. Bættar samgöngur s.s. Vatnaleið og göng undir Hvalfjörð ásamt ferjusiglingum Baldurs renna stoðum undir það. Með tilkomu nýs vegar, Vatnaleiðar, yfir Snæfellsnesfjallgarðinn sem tekinn var í notkun haustið 2001 er leiðin um Kerlingarskarð sem oft var erfiður farartálmi lögð af. Tveggja klst. akstur er milli höfuðborgarinnar og Stykkishólms sem gerir hverskyns dagsferðir frá höfuðborginni og fristundabústetu að fýsilegum kosti.

Lögð eru drög að verndun og varðveislu náttúrugæða og söguminja.

Stykkishólmur er aðili að Staðardagskrá 21 og stefnir að sjálfbærri þróun. Hugað verður að þessu með tilliti til holræsamála, fráveitumála, úrgangs frá heimilum, náttúrumengunar, gæða neysluvatns, hávaða og loftmengunar, umhverfisfræðslu í skólum, auðlindanotkunar og vistvænna úrlausna.

1.4 UPPDRÆTTIR

Sveitarfélagsuppdráttur er skipulagsuppdráttur til staðfestingar er sýnir allt sveitarfélagið í mkv. 1:50 000 (hæðarlínur eru 20 m línur). Sveitarfélagsmörkin eru sýnd innan netlaga. Óvissa er um vestur mörk sveitarfélagsins en landnotkun sýnd á þeim eyjum sem taldar eru tilheyra Stykkishólmi.

Þéttbýlisuppdráttur er skipulagsuppdráttur til staðfestingar er sýnir þéttbýliskjarnann í Stykkishólmi í mkv. 1:10 000 (hæðarlínur eru 1 m línur).

Skýringaruppdrættir sýna þéttleika byggðar, atvinnuhúsnæði, stofnanir, verslunarhúsnæði, ný íbúðahúsnæði, ný atvinnusvæði, vegakerfi og mögulega þéttingu byggðar.

2. STAÐHÆTTIR OG FORSENDUR

2.1 LANDSLAG OG STAÐHÆTTIR

Í greinargerð aðalskipulags 1985-2005 segir m.a.:

"Land Stykkishólms er staðsett nyrst á Þórsnesi, á Grunnasundsnesi. Grunnasundsnes taldist áður til Helgafellssveitar en var aðskilið frá henni árið 1892 og nefnt Stykkishólmshreppur. Nú liggja saman land Þingvalla, Dældakots, Hofstaða og Jónsness í Helgafellssveit og land Stykkishólmsbæjar. Landamerkjum er þannig lýst í landamerkjaskrá: Allin inn Mjóafjörð (Vogshólmi hálfur) í eystri Vogsbotnskeldu, þaðan í rúst sunnan til í Skálholti, þaðan í grástein utan til í Vaðstakksnesi.

Ekki er til lýsing á landamerkjum eftir að þau koma í sjó fram en ætla má að það skipti löndum álar milli eyja í landi Stykkishólms og grannsveitarfélaga.

Utan þessara marka á sveitarfélagið 16ha land umhverfis Vatnsdalsvatn í Helgafellssveit og hefur á leigu frá Stykkishólmssókn eyðibýlið Baulárvelli í Miklaholtshreppi.

Vestast í landi Stykkishólms er jörðin Ögur sem er í einkaeign, en austast og nyrst í sveitinni er mikill fjöldi eyja sem flestar eru í einkaeign"

(Bæjarstjórn Stykkishólms og Skipulagsstjóri ríkisins, 1985).

Í húsakönnun Harðar Ágústssonar segir m.a.:

"Stykkishólmur liggur nyrst á hinu fornfræga Þórsnesi í eins konar viki eða vík milli tveggja ásdraga sem ganga í sjó fram og nefnast höfðar í munni heimamanna. Skammt undan landi lokar svipsterk stuðlabergseyja útsýni til norðurs og myndar gott skjól, Súgandisey, en milli hennar og víkurinnar er klapparholmi, Stykkið sem staðurinn er viðkenndur. Upp af fjöruvikinu loka höfðarnir þríhyrnulagaðri kvos í austur og vestur. ……Höfnin er upphaf og lifiaug þessa Breiðfirska höfuðstaðar. Á fjörukambinum upp af henni stendur vagga Stykkishólms. Á lóðinni umhverfis Clausenshús mun byggð einokunarkaupmanna hafa verið í öndverðu. Í lok átjándu aldar og í upphafi þeirrar nítjándu tekur byggðin að þokast austur kambinn. Síðar upp með vestri höfðanum á báða vegu og upp á hann. Í lok aldarinnar færist hún einnig út á þann vestri höfðann" (Hörður Ágústsson, 1978).

Nánar varðandi landslag og staðhætti er vísað til greinargerðar með aðalskipulagi 1985-2005 (Bæjarstjórn Stykkishólms og Skipulagsstjóri ríkisins 1985) ásamt Sögu Stykkishólms (Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson, 1992 og 1997; 1. og 2. bindi).

2.2 NÚVERANDI BYGGÐ OG ÍBÚAFJÖLDI

NÚVERANDI BYGGÐ

Núverandi byggð nær eftir strandlengjunni frá Dauðsmannsvík í austri að nýskipulögðu svæði við Nónvíkina í vestri. Sunnan við Nónvíkina er athafnasvæðið við Hamraendana. Stærð byggðs lands er 89,5 ha.

Göturnar Lágholt, Sundabakki og Árnatún byggjast að mestu á árunum 1960-1975. Flatarhverfið er byggt á árunum 1974-1980. Ás- og Neshverfi frá 1980. Nýjasta íbúðasvæðið er í byggingu við Nónvík.

ÍBÚAÞRÓUN

Í 1. töflu má sjá mannfjölda í Stykkishólmi með 10 ára millibili frá 1901-1991, og síðan árlega milli 1991-2000.

1. tafla. Mannfjöldi í Stykkishólmi / Stykkishólmsbæ 1901-2000.

Ár	Fjöldi	Ár	Fjöldi
1901	453	1992	1223
1920	721	1993	1232
1930	733	1994	1266
1940	605	1995	1340
1950	675	1996	1296
1960	856	1997	1275
1970	906	1998	1263
1980	1042	1999	1242
1990	1205	2000	1216
1991	1209	2001	1229

(Byggðastofnun, 2001)

Árið 1995 voru Stykkishólmur og Helgafellssveit sameinuð en sú sameining gekk til baka ári síðar.

Í eftirfarandi töflum nr. 2, 3 og 4 má sjá ársverk eftir atvinnuvegum í Stykkishólmi 1988-1997, aldursskiptingu karla og kvenna frá 1. des. 2000 og innanlandsflutninga á árunum 1980-1999.

2. tafla. Ársverk eftir atvinnuvegum í Stykkishólmi 1988 – 1997.

Atvinnuvegur	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Landbúnaður	4,3	5,5	5,9	6,9	29,4	23,1	23,0	6,8	5,8	9,0
Fiskveiðar	101,9	98,0	107,8	105,7	109,0	105,9	102,6	98,8	114,9	103,6
Fiskvinnsla	115,9	99,9	75,5	67,6	74,9	83,8	88,8	113,4	118,4	117,1
Iðnaður	70,6	58,8	43,4	89,2	84,5	65,1	73,9	75,1	78,4	74,8
Byggingar	63,4	60,6	69,1	30,9	31,0	30,9	35,5	40,2	34,0	34,9
Verslun	77,7	55,8	56,7	57,3	66,2	63,4	63,9	63,5	63,6	59,8
Samgöngur	35,6	40,2	39,8	36,9	41,8	37,4	41,6	46,1	45,1	43,6
Bankar og fleira	28,1	27,5	22,3	19,9	25,3	22,7	24,9	23,3	25,9	24,1
Þjónusta	184,1	159,4	178,3	145,7	149,4	169,3	161,2	160,3	172,2	161,4
Samtals:	661,5	605,6	598,7	560,2	611,5	601,6	615,5	627,4	656,3	628,4

3. tafla.

Aldursskipting karla og kvenna í Stykkishólmi 1. jan. 2000.

Aldurshópur	Karlar	Konur	Samtals
0 - 4	34	33	67
5 - 9	51	53	104
10 - 14	55	49	104
15 - 19	62	53	115
20 - 24	57	48	105
25 - 29	28	28	56
30 - 34	42	31	73
35 - 39	41	51	92
40 - 44	50	55	105
45 - 49	32	29	61
50 - 54	35	42	77
55 - 59	33	24	57
60 - 64	26	22	48
65 - 69	23	25	48
70 - 74	14	12	26
75 - 79	14	20	34
80 - 84	11	9	20
85 - 89	6	11	17
90+	4	5	9
Samtals	618	600	1218

(Byggðastofnun, 2001)

4. tafla.

Innanlandsflutningar í Stykkishólmi.

Ár	Aðfluttir	Brottfluttir	Mismunur
1980	70	48	22
1981	70	50	20
1982	55	70	-15
1983	90	52	38
1984	82	79	3
1985	53	86	-33
1986	64	80	-16
1987	50	65	-15
1988	43	65	-22
1989	38	80	-42
1990	51	86	-35
1991	96	94	2
1992	82	79	3
1993	89	84	5
1994	92	80	12
1995	83	86	-3
1996	38	73	-35
1997	51	100	-49
1998	53	95	-42
1999	45	91	-46

(Byggðastofnun, 2001)

Í 4. töflu má sjá að íbúum í Stykkishólmi hefur fækkað töluvert á undanförnum árum. Afar erfitt er að spá um íbúaþróun næstu ára og kemur þar margt til. Byggðastofnun hefur gert spá um íbúaþróun þar sem unnið er út frá íbúaþróun síðustu ára. Mismunandi útkoma fæst eftir því hvort tekið er tillit til brottfluttra eða ekki. Ef tekið er tillit til flutninga af svæðinu mun fækka verulega á komandi árum en ef ekki er tekið tillit til þeirra þá mun fjölga. Niðurstöðurnar verður því að skoða í ljósi þróunar á landsvísu og byggðastefnu.

Samdráttur í skelkvóta undanfarið hefur væntanlega neikvæð áhrif á íbúaþróun.

Hinsvegar eru nokkrir nýlegir þættir sem geta haft jákvæð áhrif á búsetu í Stykkishólmi. Fyrst ber að nefna hitaveituna sem lögð hefur verið í bæinn og kemur til með að auka möguleika bæjarins á sviði atvinnumála, a.m.k. með tilliti til ferðaþjónustu. Einnig má nefna stórbættar samgöngur með opnun Hvalfjarðarganganna og Vatnaleiðarinnar. Að auki er ófyrirséð hvað tilkoma alnetsins og þeir möguleikar sem þar opnast, s.s. fjarvinnsla og fjarnám, eiga eftir að hafa á búsetu á landsbyggðinni. Ofantaldir þættir geta haft jákvæð áhrif og því gæti íbúum jafnvel fjölgað á næstu árum.

ÍBÚÐAMARKAÐURINN

Samsetning íbúðamarkaðarins er einsleit. Í bænum eru aðallega einbýlishús og fátt er um litlar íbúðir, einungis eitt fjölbýlishús. Einnig hafa nokkur lítil hús í gamla bænum verið keypt til fristundanota. Þetta veldur því að erfitt er fyrir ungt fólk að kaupa sér sína fyrstu íbúð.

2.3 SAGA OG FORNMINJAR

Vísað er í Sögu Stykkishólms (1. og 2. bindi) (Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson, 1992 og 1997). Einnig er vísað til greinargerðar með aðalskipulagi 1985-2005 (Bæjarstjórn Stykkishólms og Skipulagsstjóri ríkisins, 1985). Varðandi menningarminjar er vísað til húsakönnunar (Hörður Ágústsson, 1978), örnefnaskrár (Bergsveinn Gíslason, 1981) og fornleifaskráningar (Ágúst Ó. Georgsson, 1987). Fornleifaskráningin er

unnin á árunum 1985 og 1986 og nær yfir allt land sveitarfélagsins.

"Skráning fór þannig fram, að gengið var um landið allt og hverja eyju, í skipulegri rústaleit. Gerð var skrifleg lýsing af hverri rúst, hún mæld upp og teiknuð. Nokkur grein var gerð fyrir staðháttum og legu viðkomandi minja og þær merktar inn á kort. Ljósmyndir voru einnig teknar af sumum minjum" (Ágúst Ó. Georgsson, 1987).

"Minjar eru flokkaðar eftir aldri og áætluðu minjagildi. Reynt er að velja a.m.k. eina dæmigerða rúst af hverri tegund í A - flokk, þannig að úr fáist fjölbreytilegt úrval. Í því sambandi er t.d. tekið tillit til tegundar, útlits, ástands, aldurs og heildarmyndar rústasvæðis. Eftirfarandi lykill er notaður við flokkunina.

A - flokkur. Mikið minjagildi. Friðun æskileg.

B - flokkur. Minjar sem slæmt væri að missa án frekari athugunar.

C - flokkur. Minjar án sérstaks minjagildis"

(Ágúst Ó. Georgsson, 1987).

Einungis eru minjar í A-flokki merktar inn á þéttbýlisuppdráttinn en þess ber að geta að samkvæmt nýjum Þjóðminjalögum (nr. 107/2001) eru allar minjar friðaðar sem mannaverk eru á og orðnar eru 100 ára og þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim (Þjóðminjalög, 2001).

Einn staður er friðlýstur í landi Stykkishólms skv. þjóðminjalögum. Það er gömul búðartóft í Búðarnesi sem var friðlýst árið 1929. U.þ.b. 60 hús í Stykkishólmi eru byggð fyrir 1918 og njóta þar af leiðandi verndunar samkvæmt húsafriðunarlögum. Af þeim eru þrjú friðuð þ.e. Norska húsið, gamla Stykkishólmskirkjan og Egilshús.

2.4 VEITUR OG SORPFÖRGUN

Vatnsból bæjarins er í lindum við Svelgsáshraun, í um 13 km fjarlægð frá Stykkishólmi. Aðveituæðin var lögð sumarið 1974-1975. Árið 1996 fannst 87° heitt vatn í landi Hofstaða ofan við Stykkishólm. Hitaveita var

lögð í bæinn og tekin í notkun árið 1999.

Gámastöð er staðsett rétt ofan við bæinn við flugvöllinn þaðan er farið með sorpið til förgunar í Fíflholt á Mýrum.

Skólpi frá Stykkishólmi er veitt niður að stórstraumsfjörumörkum um margar, smáar útrásir. Tillögur hafa verið unnar til úrbóta sem miða að því að ákvæðum viðeigandi reglugerða verði fullnægt.

Rarik sér um dreifingu raforku.

2.5 SKIPULAGSÁÆTLANIR

"Stykkishólmur aðalskipulag 1985-2005" var samþykkt 22.4.1988. Nokkrar minniháttar breytingar á landnotkun hafa orðið á skipulagstímanum. Sú mannfjöldaspá sem þar birtist hefur ekki gengið eftir og er enn nægt landrými innan skipulagsrammans fyrir íbúðabyggð. Meðal þess sem kallar á endurskoðun í dag er vöntun á landi undir atvinnusvæði, fristundabyggð og heilsutengda ferðaþjónustu. Auk þess er mikilvægt að skerpa á markmiðum varðandi uppbyggingu, varðveislu og viðgang bæjarins. Varðandi eldri skipulagsáætlanir er vísað í 2. kafla í greinargerð með aðalskipulagi 1985-2005 (Bæjarstjórn Stykkishólms og Skipulagsstjóri ríkisins, 1985).

2.6 ATVINNUMÁL

Atvinnulíf byggir á hefðbundnum atvinnugreinum sjávarútvegi, þjónustu, iðnaði og verslun, sjá 2. töflu bls.6.

Hefðbundinn sjávarútvegur er stundaður frá Stykkishólmi, stór þáttur er skel- og rækjuveiðar ásamt vinnslu þeirra afurða. Nokkur trilluútgerð er á staðnum og hrognkelsaveiðar eru stundaðar á vorin. Hrognaniðurlagningarverksmiðja er í bænum.

Skipasmíðastöð er í Stykkishólmi sem auk hefðbundinna verkefna bæði nýsmíða og viðhalds sinnir almennum trésmíðaverkefnum.

Minni fyrirtæki sinna einnig þjónustu við útgerðina og almennri trésmíðavinnu.

Í Stykkishólmi er góð almenningsþjónusta, öflugt sjúkrahús, heilsugæslustöð, leikskóli og skóli. Matvöru-, bóka- og lyfjaverslun er að finna á staðnum ásamt ýmissi annarri verslun og þjónustu. Sýslumaður hefur aðsetur í bænum og nýverið fékk Rannsóknarnefnd sjóslysa aðsetur í Stykkishólmi.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í Stykkishólmi. Ýmsir gistimöguleikar eru í boði s.s. hótel, farfuglaheimili, heimagisting og tjaldsvæði. Meðal afþreyingar sem í boði er má nefna söfn, eyjasiglingar, hvalaskoðun, sund og golf.

2.7 HAFNARMÁL

Hafnarsvæði er annars vegar við Stykkið og Súgandisey og hins vegar við Skipavík.

Eldra svæðið er við Stykkið og Súgandisey í tengslum við gamla miðbæinn. Varnargarður austan við bryggjurnar lokar sundinu milli lands og eyjar. Við Súgandisey er að finna ferjubryggju fyrir Breiðafjarðarferjuna Baldur. Hafskipabryggjan er byggð ofan á Stykkið sem bærinn dregur nafn sitt af. Steinbryggja með löndunarkrönum og fjórar flotbryggjur eru einnig á þessu svæði.

Hægt er að ganga út í Súgandisey og þar eru göngustígar um eyna. Fallegt útsýni er þaðan yfir bæinn og um Breiðafjörð.

Vitinn í Súgandisey var reistur árið 1897 á Gróttu á Seltjarnarnesi og fluttur í Súgandisey árið 1942.

Við Skipavík er hinn hluti hafnarinnar með viðlegukköntum og upptökubraut fyrir smábáta. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru stálþil ásamt dýpkun og endurnýjun dráttarbrautar.

2.8 SAMGÖNGUMÁL

Vegtenging við höfuðborgarsvæðið hefur styst og batnað mikið með annars vegar göngum undir Hvalfjörð sem opnuð voru sumarið 1998 og hins vegar Vatnaleiðinni sem opnuð var haustið 2001. Með opnun Vatnaleiðarinnar er komið bundið slitlag alla leið milli Stykkishólms og Höfuðborgarsvæðisins.

Ekki eru neinar reglulegar flugsamgöngur við Stykkishólm. Flugvöllurinn gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi sjúkraflug.

Ferjan Baldur gegnir mikilvægu hlutverki sem tenging við Vestfirði og Flatey.

2.9 SKÓLAR, ÚTIVIST OG FRÍTÍMAIÐJA SKÓLAR

Grunnskólinn í Stykkishólmi er einsetinn með u.þ.b. 220 nemendur í 1.- 10. bekk. Að jafnaði eru 20 - 30 nemendur í hverjum árgangi í 12 - 13 bekkjardeildum.

1. - 4. bekkur eru í Barnaskólanum við Skólastíg en þar er Tónlistarskóli Stykkishólms einnig til húsa. Í skólanum við Borgarbraut eru 5.-10. bekkur í almennum kennslustofum auk sérgreinastofa, s.s. fyrir myndmennt, handmennt, heimilisfræði og tölvukennslu. Þar eru líka skrifstofur skólans og skólasafn.

Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur þrjár kennslustofur í Íþróttamiðstöðinni við Borgarbraut en nýtir auk þess sérgreinastofur í Grunnskólanum. Undanfarin ár hafa verið 15 - 45 nemendur í FV í Stykkishólmi.

Fyrirhugað er að sameiginlegur framhaldsskóli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi verði í Grundarfirði.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Íþróttir eru kenndar í Íþróttamiðstöð og sundlaug við Borgarbraut.

Íþróttahús:

Í húsinu er 25x45 m salur sem rúmar handboltavöll í löglegri stærð, körfuboltavöll, tvo æfingavelli fyrir körfubolta, tennisvöll, þrjá blakvelli og sex badmintonvelli. Þar er einnig 300 manna áhorfendastúka.

Þá er í húsinu lítill salur með lyftingatækjum og þar er einnig starfrækt ljósastofa.

Sundlaugarbygging:

Þar er 25x12 m útisundlaug með vatnsrennibraut, vaðlaug og tveimur heitum pottum. Einnig er 12,5 m innilaug sem einkum er ætluð sem kennslu- og þjálfunarlaug.

Íþróttavöllur:

Knattspyrnuvöllurinn er 104x67 m grasvöllur. Umhverfis hann eru hlaupabrautir og á svæðinu er önnur hefðbundin aðstaða til frjálsiþrótta auk áhorfendapalla sem taka u.þ.b. 600 manns í sæti.

Golfvöllur:

Níu holu golfvöllur er þétt við byggðina og nýr golfskáli.

Skeiðvöllur:

Góður skeiðvöllur er við hesthúsin.

3. SKIPULAGSÁÆTLUN 2002-2022

3.1 BYGGÐAMYNSTUR

Með aðalskipulaginu er mörkuð stefna til framtíðar um byggðamynstur í öllu landi bæjarfélagsins. Leitast er við að tryggja eðlilega þróun þéttbýlisins og afmarka ný byggingarlönd og útivistarsvæði.

3.2 LANDNOTKUN UTAN ÞÉTTBÝLIS - SKÝRINGAR VIÐ SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTT

Byggðamynstur utan þéttbýlis verður óbreytt. Þéttbýlið er nyrst á Grunnasundsnesi. Vestast og syðst í landi Stykkishólms er jörðin Ögur. En austast og nyrst er mikill fjöldi eyja. Jörðin ásamt eyjunum eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Í eyjunum eru stundaðar hefðbundnar nytjar s.s. beit, dúntekja og veiðar. Sveitarfélagsmörkinn eru sýnd innan netlaga. Óvissa er um vestur mörk sveitarfélagsins en landnotkun sýnd á þeim eyjum sem taldar eru tilheyra Stykkishólmi.

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er kveðið á um að eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi skuli njóta sérstakrar verndar og að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er :

a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
b. stöðuvötn og tjarnir, 1 000 m2 að stærð eða stærri,
c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m2 að stærð eða stærri,
e. sjávarfitjar og leirur.

Þar sem ekki hefur farið fram úttekt á landslagsgerðum sem ákvæði 37. gr. laga nr. 44/1999 taka til, eða þær verið kortlagðar, skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda áður en veitt verða framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér röskun þeirra, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku fyrrgreindra laga.

EYJAR

Eyjar og fjörur í Breiðafirði eru verndaðar með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð hefur verið unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar í samræmi við 4. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og hlaut staðfestingu umhverfisráðherra 10. október 2001. Áætlunin nær til fimm ára og er framkvæmd hennar í höndum Breiðafjarðarnefndar (Guðríður Þorvarðardóttir, 1999).

Varðandi stefnu um verndaráætlun Breiðafjarðar er vísað í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 - 2004 (Guðríður Þorvarðardóttir, 1999).

Í Verndaráætluninni, kafla 3.1 um framkvæmdaáætlun, eru eftirfarandi atriði talin upp sem langtímamarkmið er stuðla eigi að vernd Breiðafjarðar:

· Stuðla að og tryggja varðveislu Breiðafjarðar í samræmi við lög og kynna mikilvægi svæðisins.
· Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.
· Tryggja varðveislu menningarminja, svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi.
· Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar.
· Stuðla að rannsóknum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun.
· Stuðla að rannsóknum á menningarminjum og lýðfræði Breiðafjarðar fyrr og nú.
· Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.
· Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu.

(Guðríður Þorvarðardóttir, 1999)

Stefna aðalskipulagsins samræmist markmiðum Verndaráætlunar Breiðafjarðar hvað varðar landnotkun og byggðamynstur á þann hátt að lögð er áhersla á hagkvæmari landnýtingu með þéttingu byggðar. Einnig er tíundað mikilvægi þess að tillit sé tekið til menningarminja bæði í eyjunum og í Stykkishólmi.

Stefnumið skipulagsins umfram þá stefnu sem sett er fram í verndaráætluninni varða tilmæli og leiðbeiningar um framkvæmdir í eyjunum, flokkun strandsvæða, varðveislu menningarminja í gamla bænum í Stykkishólmi og þéttingu byggðar í Stykkishólmi.

Eftirtalin svæði innan sveitarfélagsins eru á náttúruminjaskrá. Skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminjum á náttúruminjaskrá:

· 241. Elliðaey, Stykkishólmi. (1) Öll eyjan ásamt Breiðhólma og Dyrhólma. (2) Sérstætt landslag, stuðlabergsmyndanir. Mikið fuglalíf.
· 242. Hóskuldsey, Stykkishólmi. (1) Eyjan öll. (2) Fjölskrúðugt fuglalíf, söguminjar.
· 243. Vaðstakksey, Stykkishólmi. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf.
· 244. Þormóðsey, Stykkishólmi. (1) Eyjan öll ásamt skerjum. (2) Fjölskrúðugt fuglalíf.

Landnýting fyrri ára í Breiðafirði byggðist, eins og víðast, á landbúnaði og sjósókn en einkennandi fyrir Breiðafjarðarsvæðið var hlunnindabúskapur eyjaskeggja. Afkoma bænda var mjög háð hlunnindum sjávar, svo sem fiski, sel og sjófugli, en fuglanytjar svo sem dún-, eggja- og fuglatekja voru einnig stór þáttur.

Landnýting síðari ára einkennist enn af landbúnaði og sjósókn en hefðbundinn eyjabúskapur hefur að mestu lagst af. Enn eru þó hefðbundnar hlunnindanytar nokkuð stundaðar.

Samkvæmt skipulagi þessu eru eyjarnar skilgreindar sem landbúnaðarsvæði, og heimilt skv. skipulagslögum og reglugerð, og lögum um vernd Breiðafjarðar að stofna til framkvæmda sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum þar eða tengjast búrekstri, enda sé farið að fyrirmælum Verndaráætlunar Breiðafjarðar og lögum um náttúrvernd. Stefnt er að því að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi við leyfisveitingar til framkvæmda í Breiðafjarðareyjum.

· Þegar fjallað er um í hvaða eyjum er leyfilegt að byggja og hvar, þá er eðlilegt að skoða hvort þar hafi verið byggt áður og hvort um sé að ræða mannvirki tengd hefðbundnum hlunnindanytjum. Skoðun á byggingarsögu eyjanna ætti að vera forsenda framkvæmda og leiðbeinandi varðandi úrlausnir. Leggja ber áherslu á að byggja í anda þeirrar hefðar sem verið hefur í eyjunum.
· Mikilvægt er að hönnuðir nýrra bygginga í Breiðafjarðareyjum leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleifð bæði hvað varðar efnisval og lausnir. Form, hlutföll og stærð bygginga eiga að taka mið af landinu sem byggt er í og sýna því tilhlýðilega nærgætni og virðingu. Mælt er með notkun efna sem hafa öðlast hefð í íslenskri byggingarsögu s.s. timbri, bárujárni og steypu.

3.3 LANDNOTKUN Í ÞÉTTBÝLI - SKÝRINGAR VIÐ ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTT

3.3.1 MARKMIÐ

Að nýta land betur þannig að ný byggð myndi samfellu við núverandi byggð og ekki myndist eyður milli hverfa.

Að ná fram meiri hagkvæmni í nýtingu gatnakerfis, veitukerfis og viðhaldi opinna svæða með því að taka til endurskoðunar þegar byggð svæði og nýta eyður sem eru í byggðinni.

Að skapa skilyrði fyrir meiri fjölbreytni í samsetningu íbúðamarkaðarins. Stefnt er að því að bjóða upp á lóðir undir lítil raðhús eða sambýlishús, þar sem um litlar íbúðir í ódýrari kantinum yrði að ræða. Hagkvæmni þess að byggja þéttar er augljós þar sem þá sparast lengdarmetrar götu- og veitukerfa.

Að gera byggðina samfelldari þannig að skýr mörk verði milli byggðs og óbyggðs lands.

Að gera ásýnd bæjarins fallegri og heillegri og sækja viðmið í gamla bæjarkjarnann við höfnina.

Að hafa tiltæk svæði fyrir sem fjölbreyttasta atvinnustarfsemi.

Að landslag haldi sem mest einkennum sínum og er þá sérstaklega hugsað til þess að takmarka landfyllingar.

Að marka stefnu um varðveislu og nýtingu gamla bæjarins.

Að við breytingar á götum í þegar byggðum hverfum verði leitað samræmis milli bygginga, götu og götumynda. Sérstaklega verði hugað að efnisvali þegar um er að ræða gamla bæjarhlutann. Einnig ber að hafa í huga að líkur eru á að finna fornleifar í gömlum miðbæjarkjörnum.

Að hafa í huga þegar nýrri starfsemi er valinn staður að bærinn njóti góðs af staðsetningunni. Markmiðið er að nýta enn frekar þá fjárfestingu sem þegar hefur verið ráðist í s.s. nýja sundlaug, hótel, íþróttamannvirki, sjúkrahús, heilsugæslu, söfn, veitingahús, tjaldsvæði og gistiheimili. Mikilvægt er að uppbyggingin styrki bæjarmyndina, að önnur starfsemi njóti nálægðarinnar við þessa nýju starfsemi og að staðsetningin sé hagkvæm með tilliti til veitukerfa og landnotkunar.

Stefnt er að uppbyggingu heilsutengdar ferðaþjónust